

# Landslið í strandblaki

Þann 28. júní 2016 voru neðantaldar reglur um landsliðin í strandblaki samþykktar af landsliðsnefnd og tilýnning birt á heimasíðu.

Reglur um landsliðsmál í strandblaki höfðu þá verið til skoðunar hjá Blaksambandi Íslands. Var það metið svo að þó að Ísland geti sent lið til keppni í fjölmörg mót væri fyrirséð að ekki væri hægt að halda úti samskonar landsliðsstarfi og með inniblaklandsliðin, þar sem er ráðinn þjálfari sem velur í landslið og heldur úti æfingum.

Strandblakslið eru þör sem leika í mótum eins og í Íslandsmótinu í strandblaki óháð félögum. Eftir skoðun BLÍ á því hvernig landsliðsmálum er háttað í nágrannalöndum var niðurstaðan eftirfarandi:

## Reglur um landslið í strandblaki

- Þar óskar eftir því við Blaksamband Íslands að fá að keppa fyrir hönd Íslands í móti.
  - Þarið sækir um á bli@bli.is
  - Í umsókn skal koma fram greinargerð um feril og getu í strandblaki með vísan í úrslit móta síðustu 24 mánuðina.
  - Í umsókn skal koma fram í hvaða mót viðkomandi þar vill taka þátt.
  - Í umsókn skal koma fram hver er þjálfari liðsins, nafn, netfang og sími.
- Þarið sér alfarið um sinn fjárhag vegna ferða í æfingaferð eða keppnisferð.
- Hægt er að sækja um styrk til BLÍ fyrir þjálfunar- og ferðakostnaði.

NEVZA og SCD skipuleggja fjölmörg strandblakmót sem okkar leikmönnum býðst þátttaka í. Skrifstofa BLÍ fær tölvupósta með upplýsingum um þessi mót og þarf að hafa samband við BLÍ til að komast að því hvaða mót eru í boði. Þá er einnig hægt að skoða heimasíðu [www.cev.lu](http://www.cev.lu) og finna þar gagnlegar upplýsingar um mót sem möguleiki er að komast inn á.